

**Fundargerð 370. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 29. maí 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaramál, kjaraviðræður staðan nú
  - Fundir BSRB með ríkinu
    - Áherslur stjórnvalda
    - Hugmyndir SNR um styttingu vinnuviku
      1. Dagvinnufólks
      2. Vaktavinnufólks
  - Fundir SLFÍ með ríki
4. Bókun 8, staða málsins
5. Breytingar á lögum félagsins
6. Forsendur launa, starfslýsingar

**Önnur mál**

**Fundargerð**

1. Fundur settur  
Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar.
2. Fundargerð síðasta fundar  
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. Húsnæðismál  
Farið var yfir stöðuna í húsnæðismálum félagsins að lokinni skoðun á húsnæðis Tölvuþjónustunnar á fyrstu hæð. Málið rætt og ákveðið að skoða það frekar.

#### **4. Kjaramál, kjaraviðræður**

- SBF gerði grein fyrir þeim fundum sem verið hafa á vegum BSRB við ríkið. Á síðasta fundi lagði samninganefnd ríkisins fram skjal þ.s. farið var yfir hugmyndir þeirra um styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki og að stytting vaktavinnufólks verði enn frekari og samkvæmt svokölluðu sniðmáti þ.s. ákveðið styttingarmat verður lagt á eftir þyngdarstigi vaktanna. Á skjalinu var einnig tiltekið hvaða kjarasamningsatriði þurfi að skoða sérstaklega ef þessi stytting á að ganga eftir. Einnig var krafa um að krónutöluhækkanirnar á almenna markaðnum verði það sem opinberum starfsmönnum býðst. Skoða á skipulag vinnutíma, veikindarétt og fleiri grundvallar málefni sem varða alla ríkisstarfsmenn.
- SBF og GÖG gerðu grein fyrir fundi sem þau og hluti kjaramálanefndar áttu með SNR þ.s. komandi samningar voru ræddir, en ekkert farið náið í kröfur.

#### **5. Bókun 8, framhaldsviðræður**

SBF fór yfir að við hefðum uppfært drögin að skipulagsskrár sjóðanna, sem um er rætt í bókun 8 og sent á fulltrúa fjármálaráðuneytisins. Allar breytingatillögur okkar samþykktar, en rætt um að gerður verði þjónustusamningur við skrifstofu SLFÍ vegna umsýslu sjóðanna þ.s. fram kemur kostnaður af slíkri umsýslu o.fl.

#### **6. Niðurstaða Félagsdóms í „Launaskriðstryggingarmálinu“**

SBF fór yfir niðurstöðu dómsins, en ríkið var sýknað af kröfu félagsins um að launaskriðstryggingargreiðslan hafi verið rangt útfærð og að félagsmenn SLFÍ ættu inni leiðréttingu.

#### **7. Breytingar á lögum félagsins**

SBF fór yfir að ákveðnar greinar í lögum félagsins þurfi að uppfæra fyrir næsta þing. Ákveðið að SBF fari yfir lögina og móti uppfærslu og farið verði í heildarendurskoðun á lögunum á komandi haustfundi.

#### **8. Forsendur launa á skrifstofu SLFÍ og starfslýsingar**

SBF fór yfir að hún og GÖG hefðu farið yfir forsendur launasetningar og launaþróunar starfsmanna á skrifstofu félagsins. Fram kom að litið er til starfslýsinga, starfsaldurs, menntunarkrafna sem gerðar eru til starfsins og viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi.

#### **9. Reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna fulltrúastarfa**

Málið rætt og ákveðið að gjaldkeri og formaður fari yfir reglurnar og uppfæri ef þörf verður talin á og til samanburðar verði nýútgefnar.

#### **Önnur mál**

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 17.50